

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

Deiliskipulag Hofsstæða.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti 26. september 2024 deiliskipulag Hofsstæða í Mývatns-sveit.

Í deiliskipulaginu felst endurskoðun á gildandi deiliskipulagi. Skipulagssvæðið er stækkað úr 6,4 ha í 29 ha til að ná yfir heildstætt minjasvæði. Gert er ráð fyrir þjónustusvæði fyrir ferðamenn, aðkomu bílastæði, göngustígakerfi, dvalarsvæði, útsýnisstað og staðsetningu og gerð skilta. Jafnframt er gert ráð fyrir snyrti- og salernisaðstöðu fyrir ferðamenn.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og hlýtur þegar gildi.

Samhliða gildistöku deiliskipulagsins er fellt úr gildi deiliskipulag minjasvæðisins á Hofsstöðum í Mývatnssveit sem tók gildi með auglýsingu nr. 341/2017 í B-deild Stjórnartíðinda 24. apríl 2017.

Þingeyjarsveit, 28. október 2024.

Anna Bragadóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 11. nóvember 2024